

Ed.

109. Frumvarp

til laga um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

(Eftir 2, umr. í Ed.).

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, og í Reykjavík lögmaður, skulu þegar eftir að lög þessi öðlast gildi, gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1905 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málsgr., skal þó ekki taka þau fasteigna-veðsbréf, er standa skulu um aldur og æfi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1930.

2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréfanna fyrirspurn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér, hver er eigandi fasteignar, og er dómara þá ekki skvlt að senda honum fyrirspurn eftir 1. málsgr. þessarar gr., nema hann á annan hátt viti um eigandann. Hið sama er, ef veðbréf sýnir ekki, hver er eigandi þess, eða hann er látinn eða óvist er um bústað hans eða hann er fluttur af landi burt, eða stofnun á í hlut, sem liðin er undir lok.

3. gr.

Nú berst dómara svar eða svör við fyrirspurn, sem hann hefir sent samkvæmt 2. gr., og skal hann þá, ef það eða þau að álit hans sýna, að veðbréf það, sem við er átt, sé ekki greitt að fullu, gera athugasemd um þetta í veðmálabókina, þar sem veðbréfið er skráð, og í fasteignaskrána. Jafnframt gerir hann athugasemd um þetta í skrá þá, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú eru liðnir 4 mánuðir frá því fyrirspurnir þær, sem um er rætt í 2. gr., voru sendar, og skal þá dómari gefa út opinbera stefnu í samræmi við regl-

urnar um ógildingu viðskiptabréfa með dómi, til ógildingar þeirra veðbréfa, sem í skrá eru tekin samkvæmt 1. gr. og ekki falla burt eftir reglum 2. og 3. gr. Stefna skal í einni stefnu í lögsagnarumdæmi hverju, og birtir dómari stefnuna þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Fyrir birtinguna greiðist ekkert gjald.

Stefnur samkvæmt þessari gr. skal birta fyrir 1. apríl 1934.

5. gr.

Þau mál, sem 4. gr. ræðir um, skulu rekin fyrir aukarétti, þar sem dómari er búsettur. Réttargjöld greiðast ekki í þeim málum.

6. gr.

Nú gefur einhver sig fram á þeim degi, sem til er tekinn í stefnunni, eða áður, og færir þær líkur eða sannanir, er dómari tekur gildar, fyrir því, að það veðskuldabréf, sem um ræðir, sé ekki að fullu greitt, og fellur þá málið niður, að því leyti sem það bréf snertir, en dómari gerir athugasemd í veðmálabók um þetta eftir reglum 3. gr.

7. gr.

Nú gefur einhver sig fram og skýrir frá, að umstefnt veðskuldabréf sé enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, ekki styttri en 1 mánuður og ekki lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnur á það, að eigandi hinnar veðsettu eignar kannist við veðskuldbindinguna eða að veðhafi hafi undirbúið málssókn til ógildingar bréfinu. Ef veðhafi gerir hvorugt, fer um bréfið eins og segir í 8. gr., en kannist eigandi fasteignarinnar við veðskuldbindinguna, fer um það eftir 6. gr., ella skal biðja dóms í hinu nýja máli, og fer þá um bréfið eftir úrslitum hans.

8. gr.

Um þau veðskuldabréf, sem enginn gefur sig fram sem eigandi, að í síðasta lagi á þeim degi, er stefna tilgreinir, skal með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókum, og skal það síðan gert ókeypis og vísað til heimildar í dóminum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.